

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 01	Dagsetning	11. janúar 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	ÁG			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	JÁJ			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 11. janúar 2019

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (27. desember 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.

2. Nýjar launaákvarðanir

a) Staða mála

- Farið yfir stöðu mála og umræðu meðal forstöðumanna eftir að þeim var birt niðurstaða fjármálaráðuneytisins
- Rætt um og samþykkt að leita til fjölmiðlaraðgjafa/fulltrúa til að aðstoða stjórn félagsins við að koma sjónarmiðum FFR á framfæri á opinberum vettvangi
- Stjórn FFR felur framkvæmdastjóra að kalla eftir lista um nákvæma röðun allra forstöðumanna til launa svo hægt sé fyrir hvern og einn félagsmann að gera samanburð á launum forstöðumanna stofnana.

b) Verkefni framkvæmdastjóra í janúar 2019

- Samþykkt að fara þess á leit við framkvæmdastjóra að sinna starfinu í 100% stöðuhlutfall í janúar vegna aukins álags við innleiðingu nýs launakerfis

3. Málefni sýslumanna

Stjórn félagsins hefur borist erindi frá Lárusi Bjarnasyni sýslumanni þar sem hann óskar eftir stuðningi félagsins vegna verulegra kjaraskerðinga. Samþykkt að stjórn FFR ræði málið við fjármálaráðuneytið og framkvæmdastjóra falið að hefja vinnslu lögfræðilegrar greinargerðar um málið.

4. Uppsögn forstjóra Matís

Stjórn FFR barst erindi frá fyrrverandi forstjóra Matís. Stjórnin ræddi málið og frestaði afgreiðslu.

5. Heimasíða kjararáðs

Heimasíðu kjararáðs hefur verið lögð niður. Stjórn FFR samþykkti að birta alla tiltæka úrskurði kjararáðs á heimasíðu FFR.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóra falið að kanna í ljósi lagabreytinga hvaða forstöðumenn tilheyri FFR. Rætt um endurskoðun á lögum félagsins í ljósi lagabreytingar.

Næsti fundur ákveðinn 22. janúar 2019.